

---

Í S L E N S K A  
L J Ó S M Y N D A  
S Ý N I N G I N  
1 9 9 1

---

Kjarvalsstöðum  
16.-30. mars

SKYGGNA  
MYNDVERK HF



# LJÓSMYNDABANKINN

tekur á móti góðum ljósmyndum til ávöxtunar



Mats Wibe Lund



Ragnar Th. Sigurðsson



Sigurgeir Sigurjónsson

LJÓSMYNDABANKINN býður úrval Íslandsmynda úr tölvuvæddu safni, einnig myndir frá öllum heiminum í samvinnu við erlenda myndabanka.

## LJÓSMYNDABANKINN

Mats Wibe Lund Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 681919 • Bréfasími 688458

## Ávarp borgarstjóra



Það er ánægjuleg viðbót við bæjarbraginn þegar flestir bestu ljósmyndarar landsins koma saman og sýna afurðir listsköpunar sinnar. Reynslan hefur kennt okkur að mannsaugað nemur ekki ætíð þá veröld sem við höfum fyrir augum daglega, en myndavél í réttum höndum getur kallað fram ásýndir og stílbrigði sem okkur eru gjarnan hulin.

Ljósmyndasýningar vekja ávallt mikinn áhuga og forvitni Reykvíkinga og ekki spillir það ánægjunni nú, að samhliða verða sýndar myndavélar úr einu merkasta safni sinnar tegundar á Íslandi, auk fjölda ljósmynda frá fyrri tíð.

Ég vil færa undirbúningsaðilum sérstakar þakkir fyrir að efna til þessarar áhugaverðu sýningar að Kjarvalsstöðum í von um að sem flestir megi hafa gagn og gaman af.

*Davíð Oddsson*

## Íslenska ljósmyndasýningin

Íslenska ljósmyndasýningin 1991 er fyrsta sýning sinnar tegundar hérlendis. Hún er afsprengi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á sviði ljósmyndunar undanfarin ár, þróunar sem rekja má m.a. til breyttrar menntunar ljósmyndara þar sem æ fleiri ljúka nú námi frá erlendum ljósmynda- og listaskólum. Þessi nýja kynslóð hefur flutt með sér viðhorf og hugmyndir sem reynst hafa ómetanlegar fyrir þá faglegu ljósmyndun sem fyrir var í landinu og aukið á fjölbreytni hennar.

Annar veigamikill áhrifavaldur í þróun íslenskrar ljósmyndunar er sú lífliga bóka-, bæklinga- og blaðaútgáfa sem hér á sér stað. Nú eru t.d. gefin út fjölmörg tímarit og fjöldi dagblaða sem flest hver eru ríkulega myndskreytt ljósmyndum, að ógleymdum öllum þeim myndrænu auglýsingum sem þarna birtast. Þetta hefur virkað eins og vítamínsprautu á ljósmyndunina og skapað fjölda starfa.

Í þriðja lagi hefur fagleg ljósmyndun í tengslum við vísindi og rannsóknir færst í vöxt, og svona mætti lengi telja.



Eftir sem áður skipar hefðbundin ljósmyndun (andlits- og fjölskylduljós.) veigamikinn sess og stór hluti ljósmyndara starfa á þessu sviði.

Af ofansögðu má ljóst vera, að löngu var tímabært að skapa íslenskum ljósmyndurum aðstöðu til sýningarhalds, og ugglaust er hér upphafið að reglulegu sýningarhaldi þar sem það besta á sviði ljósmyndunar verður kynnt.

Það er okkur hjá Skyggnu Myndverki hf. ánægjuefni að hafa átt þátt í að hrinda þessari sýningarhugmynd í framkvæmd. Þar höfum við notið dyggrar aðstoðar þeirra fjölmörgu ljósmyndara sem þátt tóku í forvali sýningarinnar, en alls bárust um 650 myndir. Dómnefnd átti því úr vöndu að ráða þegar velja skyldi þær 190 myndir sem hér eru sýndar.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur þáði boð okkar um að sýna úrval gamalla ljósmynda í vestur-forsal og er um við því þakklátir.


Ekki má gleyma framlagi norðan úr Mývatnssveit. Séra Örn Friðriksson, prófastur á Skútustöðum, er m.a. kunnur fyrir söfnun á gömlum myndavélum. Hann hefur lánað 35 merkilegar myndavélar til sýningunnar, gersemar sem við eigum von á að veki áhuga margra.

Góðir gestir, það er von okkar að þið njótið þessarar sýningar og að hér sé upphafið að reglubundnum sýningum af þessu tagi og að þær verði vettvangur fyrir það besta í íslenskri ljósmyndun, sem ljósmyndarar stefna á og miða vinnubrögð sín við í framtíðinni.

Starfsmenn sýningarinnar þeir Ívar Gissurarson og Sigmundur Einarsson hafa ásamt starfsfólki Skyggnu Myndverks hf. borið hita og þunga af undirbúningi sýningarinnar. Dómnefnd sem skipuð var fulltrúum hagsmunasamtaka sem flest hver tengjast ljósmyndun og listum færur við okkar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Vígi Þókur

Sigur Einarsson



Upplýfting í kvöld?

**MUNDU EFTIR OSTINUM**

Hann eykur stemninguna.




## Staða ljósmyndarinnar í samtímalistum

„Listin endurgerir ekki hið sýnilega,  
heldur gerir það sýnilegt“ .(Paul Klee).

Þegar fjallað er um stöðu ljósmyndunar í dag, og sér í lagi þann hluta hennar sem tengist samtímalist, er óhjákvæmilegt að rifja upp nokkur þeirra tímabila sem hafa mótað hana og minnst eins af frumhugsuðum nútímaljósmyndunar.

Uppgötvun ljósmyndarinnar hafði afgerandi áhrif á alla almenna myndlist og þá sérstaklega málverkið. Það var hins vegar ekki fyrr en nokkru seinna sem listamenn fóru að geta nýtt sér þessa frelsun málverksins. Hinn fyrsti og um leið djarfasti þessara listamanna var óneitanlega Frakkinn Marcel Duchamp en hann var frumkvöðull ready-made stefnunnar og gerði hana að einum af burðarásum ljósmyndarinnar en hún ber höfuð og herðar yfir aðrar greinar myndlistar þegar kemur að því að líkja eftir raunveruleikanum, margfalda hann og tengjast honum efnislega, án þess þó að bregða sér í líki hermikrákunnar.

Listsagnfræðingurinn Rosalind Krauss hefur lagt áherslu á að hjá Marcel Duchamp sé athöfnin (í ljósmyndun eða myndlist) aðalatriðið en verkið sjálft eingöngu ummerki hennar. Þar með er ljósmyndin orðin annað og meira en einföld eftirmynd veruleikans. Hún er orðin sjálfstæð hugsmíð og verk Marcel Duchamp eru ljósmyndræn þó hann hafi ekki verið ljósmyndari í orðsins fyllstu merkingu. Hann kunnir hinsvegar að notfæra sér þá kunnáttu sem vinir hans Man Ray og Alfred Stieglitz bjuggu yfir. Í ljósmynduninni fann Marcel Duchamp líka þær auðlindir sem nauðsynlegar eru stöðugri listrænni sköpun og fagurfræðilegri tvísýnu hennar. Fyrir honum var ljósmyndunin ekki þjónn annarra listgreina eins og hjá Baudelaire (“Ljósmyndunin verður að axla hið sanna hlutverk sitt sem er að þjóna vísindum og listum af auðmýkt á sama hátt og prentlistin og hraðritunin sem hvorki fundu upp bókmenntirnar né komu í þeirra stað”) heldur var hún orðin sjálfstætt fyrirbæri



Rémy Fenzy

og fjarlægðarmælir. Ljósmaeli er smellt ofaná hraðastillingarskífuna. Linsur með bajónettfestingu. Kannski vinsælasta rammaleitarvél allra tíma. Margir telja að ekki hafi verið framleidd betri linsa fyrir venjulega myndavél. Ca. 1964.

18. Leica M3 með Visoflex III spegilhúsi. Linsa: Elmarit f=9 cm 1:2,8. Slík spegilhús voru notuð með löngum linsum og til að taka nærmyndir. Ca. 1963.
19. Zeiss Ikon Contax IIa. Linsa: Sonnar f=5 cm 1:2. Frábærlega vönduð rammaleitarvél. Hættulegasti keppinautur Leica vélanna. Ca. 1950.
20. Zeiss Ikon Contarex. Linsa: Sonnar f=5 cm 1:2. Frábærlega vönduð vél og afar dýr í framleiðslu. Stóðst illa samkeppnina við japanskar vélar sem komu á markaðinn um svipað leyti, svo sem Nikon F sem voru mjög góðar og mun ódýrari. Ca. 1960.
21. Ihagee Exakta II. Linsa: Meier primoplan 1:1,9/58. Ca. 1949.
22. Ihagee Exakta VX. Linsa: Carl Zeiss Jena Biotar 2/58. Ca. 1952. Skifanlegur leitari. Eksaktvélnar voru mjög eftirsóttar og ótrúlegur fjöldi af linsum og alls konar hjálpartækjum var framleiddur fyrir þær í mörgum löndum.

23. Ihagee Exa. Linsa: E. Ludvigs Meritar 1:2,9 f=50 mm. Litla systir Exakta vélarinnar. Með sérkennilegan lokara. Hún hefir verið nefnd „spegilkassavél“.
24. Minox A, 8x11 mm, með lausum ljósmaeli. Ca. 1948.
25. Minox B með innbyggðum ljósmaeli. Ca. 1958. Minoxvélnar voru smíðaðar í Riga í Lettlandi síðstu árin fyrir síðari heimsstyrjöldina. M.a. notaðar sem njósnavélar. Eftir stríð var hafin bætt útgáfa þeirra í Vestur-Þýskalandi. Þær eru afar vandaðar, og er nákvæmni í smíði sumra hluta þeirra upp á 0,002 mm. Nýrri gerðir Minox-véla hafa verið framleiddar fram að þessu og er verðið í engu hlutfalli við stærðina.
26. Voigtländer Vitessa. Linsa: Ultron 1:2 f=50 mm. Synchro-Compur lokari. Belgvél fyrir 35 mm filmur. Filman var færð og lokarinn spenntur með því að styðja á stöng, sem stóð upp úr vélinni í notkunarstöðu. Ca. 1951.
27. Agfa Flexilette. Tvíeygð vél (tveggja linsa vél líkt og Rolleiflex) fyrir 35 mm filmur. Linsa: Color Apotar 1:2,8/45. Prontor lokari. Ca. 1960.
28. Rolleiflex C, 6x6 cm. Linsa: Planar 1:2,8/80. Lokari: Synchro-Compur. Ca. 1955. Tvíeygð reflexvél.
29. Rolleiflex. Linsa: Tessar 1:3,5/75. Lokari: Synchro-Compur. Ca. 1954. Tvíeygð reflexvél 6x6 cm. Rolleiflex vélnar komu fyrst fram 1929. Þær voru afar vandaðar. Ótal stælingar voru framleiddar, en engin jafnaðist á við Rolleiflex. Hinn veiki punktur slíkra véla var, að ekki var hægt að skipta um linsur. Framleiðsla þeirra var hætt um tíma, en svo ákaft var því mótmælt að framleiðsla þeirra var hafin að nýju í litlu magni, og eru þær nú fáanlegar fyrir ótrúlega hátt verð.
30. Rolleicord V. Linsa: Xenar 1:3,5/75. Ódýrari systir Rolleiflex vélanna. Svölitið seinlegri í notkun, en gæðin eru fullkomlega sambærileg. Ca. 1955.
31. Rolleiflex 4x4 cm. (Baby Rolleiflex). Litla systir Rolleiflex vélanna fyrir filmur 127. Afar falleg og skemmtileg vél. Ca. 1958.
32. Rollei 16. Vél fyrir filmustærð 12x17 mm. Linsa: Texxar 1:2,8/25 mm. Ákaflega vönduð og ódýr vél fyrir afar litlar filmur, sem komust mjög í tísku eftir síðari heimsstyrjöldina. Vegna hás verðs seldist þessi vél hægt, en þó nokkuð örugglega, þangað til Rollei sjálf kom með hina snjöllu litlu Rollei 35. Ca. 1965.
33. Rollei 35. Linsa: Tessar 1:3,5/40. 35 mm myndavélar höfðu stöðugt verið að stækka, þar til Rollei sneri þróuninni alveg við með Rollei 35, sem var lítið stærri en Rollei 16 en hafði þó filmustærð 24x36 mm Ca. 1970.
34. Hasselblad 500C. Linsa: Planar 1:2,8/80. Afar vönduð reflexvél fyrir filmur 120(6x6 mm). Framleidd í Svíþjóð ca. 1968. Hasselblad er eftirlætismyndavél margra atvinnuljósmyndara. Gæðin eru í hæsta flokki, enda hefir lítið tillit verið tekið til framleiðslukostnaðar. Synchro-Compur lokari er t.d. innbyggður í hverja linsu. Hasselblad kom að mestu leyti í stað Rolleiflex vélanna.
35. Ómerkt vél fyrir plötur, 9x12 cm. Gefandi vélarinnar sagði, að þetta væri Zeiss Ikon vél, og e.t.v. hefir nafnplata dottið af. Linsan er Schneider Xerunar 1:4,5 f=13,5 cm. Lokari: Compur. Sérstök „Lúxus“útgáfa úr harðviði og „gullmessing“ með bestu linsu og lokara síns tíma. Óvenjulegt er að Zeiss Ikon vél sé með Schneider linsu. Ca. 1920.

**Colenta**

Framköllunarvélar.



Stækkarar.

**fujimoto**

Stækkarar.

**arkay**

Filmuframköllunarvélar og ýmis hjálpartæki í vinnustofu.



Framköllunarvélar og ýmis hjálpartæki í vinnustofu.

*Linhof*

Myndavélar og ýmis hjálpartæki í vinnustofu.

**FOBA**

Hin ýmsu hjálpartæki í vinnustofu. Eigum á lager ljósaborð.

**Lastolite**

Bakgrunnur allskonar.

**Eisen**

Bakgrunnspappír, ávallt á lager í vinsælum litum.



Bakgrunnspappír.



Video Analyser.



Rúlluborð.



**JÚLÍUS P. GUÐJÓNSSON HF.**

Kvistlandi 19, Box 8535, Reykjavík  
Símar: 91-30709-679484  
Fax: 91-680512



Marcel DUCHAMP



Bernd & Hilla BECHER

með beina hlutdeild í sköpun listaverks. Listamenn gátu vissulega haldið áfram að nota ljósmyndina sem verkfæri í sköpun listaverka eins og Leonardo da Vinci og Jan Vermeer gerðu á 16. og 17. öld en báðir notuðu camera obscura (myrkurhús) við gerð málverka sinna. Rodin, Zola og Bonnard notuðu einnig ljósmyndina á sínum tíma við sköpun verka sinna.

Það er Duchamp að þakka ásamt súprematistum (t.d. El Lissitsky, Malevítsj og Moholy-Nagy), dadaistum og súrrealistum (t.d. Man Ray, Magritte, Ubac, Ernst, Dominguez) að ljósmyndin sem heimild verður einnig sjálfstætt verk. Það nægir að sjá ákafa þeirra, eldmód og tryggð gagnvart verkum ljósmyndarans Eugene Atget til að sannfæra. Þá er líka hægt að skoða myndir teknar úr lofti, sólarprent og samsett myndir sem þessar stefnur hafa skilið eftir sig til að skynja mikilvægi og gildi þeirra fyrir eiginleika og möguleika ljósmyndarinnar og það upplýsingastreymi sem hún býður upp á.

Ljósmyndin er fyrst og fremst ferli sem, tilvistarlega séð, er algerlega óaðskiljanlegt frá athöfninni sem sannar tilveru hennar. Það sem hún sýnir seinna meir eru einungis verksummerki. Samt sem áður hafa sumir listamenn, einkum málarar, máð að mestu þessi verksummerki út með því að láta málninguna sölsa undir sig silfurflöt ljósmyndarinnar. Athöfnin sem upphaflega gaf ljósmyndinni líf er undirstrikuð

af pensilfarinu. Verk Gerhard Richter eru fullkomið dæmi um þetta. Hann malar ofan í svart-hvítar myndir sem hann tekur sjálfur og stækkar þannig að áferðin sem fyrir var hverfur algerlega og eftir standa einungis þau form sem voru fyrir á ljósmyndinni. Útkoman er því málverk með litum úr hugskoti listamannsins en umfram allt myndverk sem byggt er á grunni ljósmyndar. Richter breytir því málverki í ljósmynd og ljósmynd í málverk. En þar sem myndir hans eru raunsæjar, og innihald þeirra er afdráttarlaust hvað það varðar, eru málverk hans það líka, án þess að teljast næfar eða ofurraunsæjar.


Undanfarin ár hefur orðið vart við tilhneigingu sem tilheyrir hvorki fyrrnefndum stefnum né ljósmyndinni sjálfri heldur báðum án þess þó að hægt sé að greina til hvorrar hún sækir meir. Hún sameinar í reynd hluta samtímalistar, einkum skúlptúrs og ljósmyndunar í einum punkti þar sem tvíræðnin ræður ríkjum og leiðir til óvissrar eða jafnvel villandi niðurstöðu en er sjaldan án nokkurrar menningar. Hér er átt við myndinsetningu (photo installation). Í henni er blandað saman allri þeirri tækni, hugmyndum og gildum sem ráða ríkjum í myndlist og ljósmyndun. Listamennirnir Christian Boltanski (Myndröð um minnismerki), Annette Messager (Andlitsmyndir af elskendum), og Didier Bay (Hverfið séð frá glugga mínum) eru tengd þessari stefnu, en Klaus Rinke, Urs Luthi, Gilbert and George, Bernd og Hilla Becher, Thomas Struth, Thomas Ruff, John Hilliard, David Hockney, Michael Snow o.fl. hafa þróað eiginleika myndinsetningarinnar hvert á sinn hátt. Þessi stefna gengur út frá því að ljósmynd hafi ekkert gildi né meiningu nema þegar hún er sett

Gerhard RICHTER



# AGFA FYRIR ALLA


JAFNT FYRIR ATVINNU-  
SEM ÁHUGALJÓSMYNDARA



**AGFA**



STEFAN  
THORARENSEN<sub>HF</sub>



Christian BOLTANSKI

upp á ákveðnum vettvangi, í ákveðnum tíma og rúmi og aðlöguð að innsetningu sem er byggð á henni sjálfri og hún er algjörlega háð. Með þetta í huga getur myndaalbúm eða venjuleg bók talist innsetning þar sem jafnhliða myndunum þarf að innleiða tíma og rúm með breytilegri tíðni, höfund innsetningarinnar (listamanninn sem er ekki endilega höfundur verksins sjálfs), áhorfandann (sem getur verið viðfangsefni verksins) og loks þegjandi samkomulag sem bindur öll þessi atriði saman. Vitaskuld er hægt að finnúsa myndinnsetningu á þann hátt að hún nái þeirri útgeislun sem henni er nauðsynleg til að áhorfandinn verði fyrir áhrifum. Þetta er tilfellið hjá Michael Snow sem notar oft og iðulega spegla, með álimdum ljósmyndum á af sama spegli. Spegillinn speglar því ekki frummynd þess sem er fyrir framan hann þar sem hann er ljósmynd. Þegar áhorfandinn skoðar verkið, sér hann samtímis spegilmynd sína og mynd spegilsins, tekna af listamanninum. En dæmið verður flóknara þegar kemur að fjölföldun verksins til útgáfu, þar sem mynd, spegilmynd og mynd spegilmynda rugla saman reitum. Það er eiginlega fjölföldun á „því sem var“ (fyrirbæri sem er Roland Barthes hugleikið), Sagan endalaus, skipulögð ringulreið sett fram á tvísýnan hátt í allri sinni endaleysu. Annað dæmi er Boltanski sem sýnir myndraðir sem teknar eru úr æsifréttablöðum sem sýna nafnlausar myndir af morðingjum, nauðgurum, fórnarlömbum eða börnum sem sætt hafa misþyrmingum. Þær eru síðan rammaðar inn með litlum ljósaperum eða kertum. Heildarmyndin veur blandaðar tilfinningar hjá áhorfandanum sem samanstanda af virðingu og forvitni, aðdráttarafli og óbeit, einkum á rökkvæðum

stað sem líkist kapellu eða graphýsi, reist til minningar um viðkomandi. Þannig hefur Christian Boltanski búið til sitt eigið "það sem var" úr sannsögulegum heimildum með skírskotun til einhvers sem öllum er kunnugt. Uppsetning hans er í senn vanhelgun og trúarlegs eðlis. Þjóðverjarnir Becher, Struth, Ruff og Axel Hutte búa til myndir í mjög stóru broti sem eru einstrengingslega hlutlægar, eins ópersónulegar sem framast er unnt og útiloka þannig minnstu ummerki um tilfinningaleg tengsl. Þeir skrásetja raunveruleikann (byggingar, andlitsmyndir o.fl.) á vélrænan hátt með yfirþyrmandi nákvæmni sem útilokar öll aukaatriði. Þetta er táknfræðileg ljósmyndun af byggingum eða fólki sem er tengt sem myndröð.

Kanadamaðurinn Jeff Wall stækkar sínar myndir á gagnsæjar Cibachrome-filmur í mjög stóru broti, 3-5 metra langar, lætur þær þekja heilan vegg (Wall) og baklýsir þær í heilu lagi með hvítu neon-ljósi. Á þennan hátt skírskotar hann til kvikmyndarinnar sem ekki er hægt að sýna nema með baklýsingu á filmuna sem hreyfist og sést á stórum fleti. Myndir Jeff Wall sýna eingöngu hluti sem gerast á vettvangi þjóðfélagsins, eru truflandi og setja áhorfandann í spor gluggagægisins, blekkta af stærð myndflatarins (sem áhorfandinn hefur bókstaflega horfið inn í og þar með gleymt að hann var að horfa á ljósmynd). Hjá þessum listamanni tekur raunveruleikinn hamskiptum án þess að gripið hafi verið þar inn í eða ljósmyndunarferlið sjálft. Í þessu tilviki sem er dæmi um stórkostlega leikni og næmni er raunveruleikinn ekki lengur til vegna þess að honum hefur verið ofgert. Myndinsetning er oftast nær hreinn og beinn galdur þar sem tvö ókunn eða gagnstæð öfl mætast, þ.e. raunveruleikinn og hið ímyndaða og þau gerð óaðgreinanleg og takmarkalaus.

Sýnilegt er að staða ljósmyndunarinnar í dag er í senn einföld og margslungin. Hún er margföld í eðli sínu og notkun hennar og líki eru margvísleg. Hún er alls staðar í einu, alls staðar nálæg og vitnar um allt. Um leið og hún er hin eilífa spegilmynd af framrás heimsins, hefur hún aðlagast okkar daglega lífi þannig að með því að hafa hana stanslaust fyrir augunum sjáum við hana ekki lengur. Þrátt fyrir allt virðist hún hafa náð að skapa sína eigin sjálfsmynd. Ljósmyndunin er búin að vinna sér sess sem listgrein og þó að umræða um beina ljósmyndun (straight photography) annarsvegar og þá ljósmyndun sem tengist öðrum listum hinsvegar nálgist endalok sín í Evrópu þá er enn hægt að greina á milli þessa tveggja stefna.

Þar sem ljósmyndunin á oft samleið með túlkunaraðferðum sem tilheyra öðrum listum, hefur hún þurft að staðfesta sérkenni sín um leið og hún hefur orðið fjölhæfari. Á síðasta áratug hafa fjölmargir evrópskir ljósmyndarar tekið ljósmyndunina sjálfa sem viðfangsefni. Þeir hafa snúið sér aftur að handlitun, sköfun og ýmsum efnis- og efnafræðilegum ferlum en stundum hefur borið við að þeir hafi fallið í gryfju flauturslegra vinnubragða sem draga fram í dagsljósið efnislega fátækt myndanna. Aðrir hafa aftur á móti farið inn á svið uppstillts raunveruleika, skáldskapar eða lifandi málverks (t.d. Patrick Faigenbaum). Þeir búa til gerviheima með hjálp umhverfis og hluta sem þeir setja á svið og ljósmynda. Þetta eru „framleiddar“ ljósmyndir sem leita leiða í skáldskap til að geta gefið t.d. hugarórum líf (t.d. Joel-Peter Witkin, Jan Saudek, Xavier Navatte, Helmut Newton, Mapplethorpe, Cindy Sherman), draumum og minningum (Rommert Boonstra, Jorge Ribalta, Alain



Cindy SHERMAN



Gilbert & George

Fleischer, Boyd Webb) eða nútíma ofurraunsæi (t.d. Joan Fontcuberta, Ciuco Gutierrez, Rafael Vargas, Peter Zupnik, Miro Svolik, Josep Batle). Hin framleidda ljósmyndun gefur einnig möguleika á afturhvarfi til frásagnarlistarinnar (t.d. Thierry Urbain, Duane Michals) og þjóðfélagslegum vangaveltum (t.d. William Wegman, Arthur Tress, Susan Wides, Eillen Cowin, Cindy Sherman) þar sem frummyndir fengnar úr auglýsingum, tímaritum og kvikmyndum eru teknar fyrir af kaldhæðni og einnig myndir sem dreift er í miklu magni til almennings (t.d. Richard Prince, Eileen Brooks) eða myndir úr myndabönkum (t.d. Roy Arden). Þessir straumar sýna að vandræðalaust er að bregða ljósmyndinni í allra kvikinda líki eftir þeim tilhneigingum sem eru ráðandi hjá hverjum og einum. Þá verður ljósmyndunin einnig eftir því sem hún öðlast meiri þroska, tæki til könnunar á sjálfi listamannsins eins og hjá Nan Golding og hennar stórmerkilega "Ballade of sexual dependency" eða ævisögu í tilfelli Sophie Calle, Gille Mora eða Claude Nori, sem hafa haldið á lofti kenningu sem Robert Frank og William Klein settu fram og segir að öll ljósmyndun sé sjálfsævisögulegs eðlis. Síðan eru auðvitað fréttaljósmyndarar sem eru orðnir fyrirferðarlitlir og nær ósýnilegir en halda áfram að framleiða myndir



sem hlaðast upp hver ofan á aðra og eru hluti af ringulreið og skipulagsleysi sem enginn tekur virkilega eftir en allir þarfnast. Hver getur t.d. verið án mynda frá Persaflóa í dag? Fréttaljósmyndunin sem slík verður alltaf til. En gæði hennar eru mjög misjöfn. Nokkur stór nöfn sem koma á eftir Cartier-Bresson, Ernst Haas, David Seymour eða Robert Capa gera úr þessari grein viðstöðulausa skrásetningu, jafnvel handahófskennda en umfram allt listina að sjá. Mary Ellen Mark og Sebastio Salgado eru fremst í flokki þeirra sem enn kunna að nýta sér þessa sérstæðu grein innan ljósmyndunarinnar. Þessi ljósmyndun sem gerir varla meira en að styðjast við raunveruleikann en verður þó að sýna hann og skilja eftir áhrif, kannski stundum lítilmótleg en nógu margslungin til að verða metin að verðleikum. Ef þessir ljósmyndarar vilja ekki fara á mis við samtíð sína, verða þeir því að taka á vanda máluum á nýjan hátt í hvert sinn. Að lokum hefur hröð útbreiðsla annars konar myndmiðla (myndbanda og tölvumyndir), haft í för með sér að ljósmyndarar hafa tekið upp nýja afstöðu gagnvart ljósmynduninni og þeim möguleikum sem hún býður upp á. Eins og staðan er í dag er ekki skynsamlegt að ætla að benda á einhverja sérstaka stefnu eða hóp umfram annan sem nýtir sér þessa tæknimöguleika á meðvitaðan hátt.

Ljósmyndunin í dag, jafnt í Evrópu sem Ameríku, er í stöðugri þróun. Með því að fjalla um þá stöðu sem hún nú er í gagnvart listum samtímans og sjálfri sér er tilgangurinn fyrst og fremst að greina í fljótu bragði jafnvel á huglægum hátt strauma og stefnur og stikla á helstu hugtökum og grunnhugmyndum. Sú upphafning sem ljósmyndunin hefur átt að fagna á hátíðum (t.d. í Arles, París, Metz, Barcelona, Rotterdam, Köln og Bologna) og samkomum (t.d. Mánuður ljósmyndarinnar í París og Marseille-sýningin) og hinar tilkomumiklu yfirlitssýningar sanna mikilvægi hennar á sviði sköpunar og lista. Stóru listasöfnin (t.d. Tate-gallerí í London, Georges Pompidou í París, Moma safnið í New York, Ludwig safnið í Köln, Castello di Rivoli í Torino), virt listahús og gallerí (t.d. Anthony D'Offay galleríið í London, Beudoin Lebon í París, Sonnabend galleríið í New York og Jablonka galleríið í Köln) og einnig sannir listaverkasafnarar (t.d. Mera og Don Rubell, Michael Schwartz, Karl Heinrich Muller, Claude Berri og Giuliano Gori) kaupa ljósmyndir af sömu hvötum og þeir kaupa málverk eða skúlptúra, og sýna þær af sömu virðingu. Án þess að keppa við málverkið eða skúlptúrinn hefur ljósmyndin stöðugt hækkað í verði og nýlega voru 15 myndir eftir Robert Mapplethorpe slegnar á 30.000 dali stykkið!

Árið 1991 skipar ljósmyndunin virkan sess í listaheiminum og hefur menningarlegt gildi í augum stofnana og almennings í Evrópu.

*Rémy Fenzy*

#### **Um höfundinn**

*Remy Fenzy stundar nám í vísindum og fagurfræðum á sviði lista við Sorbonne-háskóla í París og vinnur að ritgerð um tengsl málalistar og ljósmyndunar. Áður hefur hann numið listasögu og ljósmyndun.*

---

## Á landamærum ljósmyndunar og svartlistar – Polaroid Transfer



Landamærin milli ljósmyndunar og svartlistar (grafíkur) eru æði óljós og varla hægt að greina hvar annað endar og hitt hefst.

Ein grein ljósmyndunar eða réttara sagt, filmur og efni frá einum framleiðanda „Polaroid Land“ hefur í meira mæli þurrkað út öll skil þar á milli. Má í því sambandi nefna þær vinsældir sem SX-70 filman nýtur við allskonar myndgerð bæði með beinni notkun sem ljósmynd eða til að vinna í við myndsköpun.

Það væri að æra óstöðugan að ætla að telja upp alla þá möguleika sem Polaroid efnið gefur til myndsköpunar. En eitt atriði ber þó að nefna sem er einskonar óskilgetið afkvæmi Tri-Color Carbro, en það er

Polaroid Transfer. Við transfer aðferðina er notuð filma frá venjulegri Polaroid samfelli (804 í svart-hvítu og 809 í lit) og nýttur sá eiginleiki, að eftir nokkurra mínútna framköllun eru litarefni „pósítífu“ myndarinnar í filmunni laus úr viðjum og virkar þá sem einskonar prentlitur sem hægt er að yfirfæra á rakan pappír, líkt og við prentun á ætingu eða steinprenti.

*Leifur Þorsteinsson*



**LJÖSMYNDARINN**  
JOHANNES LONG



## INN RÖMMUN

*Állistar - Trélistar -  
Sýrufrí karton*

*Plaköt og myndir í úrvali*

## KATEL

Laugavegur 20b, sími: 18610

## Séra Örn Friðriksson á Skútustöðum og myndavélasafn hans



Séra Örn er fæddur 27. júlí árið 1927 í Wynyard í Saskatchewanfylki í Kanada og voru foreldrar hans sr. Friðrik A. Friðriksson, prestur þar og síðar á Húsvík og kona hans Gertrud E.E. fædd Nielsen, dönsk að ætt. Fjölskyldan fluttist til Íslands árið 1933. Örn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1949 og kandidatsprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 1954. Þá um vorið var honum veitt Skútustaðaprestakall í Mývatnssveit og hefur hann þjónað því síðan. Frá 1986 hefur hann og verið prófastur í Þingeyjarprófastsdæmi. Sr. Örn er kvæntur Álfhildi Sigurðardóttur frá Skútustöðum og eiga þau 5 börn.

En víkjum nú að því sem er tilefni þessarar greinar, myndavélasafni Arnar, sem okkur gefst nú tækifæri til að sjá hér á Kjarvalsstöðum þó ekki sé þar um að ræða nema lítinn hluta heildarsafnsins. Allt frá barnsaldri hefur sr. Örn haft mikinn áhuga á ljósmyndun og átti í fyrstu einföldustu kassavélar sem því miður eru honum nú glataðar. Árið 1925 fékk hann Kodak belgvél (6,5x11 cm) að gjöf frá foreldrum sínum og notaði hana á meðan filmur fengust í hana. Lengi langaði sr. Örn að eignast vandaða vél en hafði þó ekki efni á því á námsárunum og enn síður eftir að hann stofnaði til heimilis. En eftir að börnin fóru að lita dagsins ljós þá lét hann það þó eftir sér að kaupa einu bestu myndavél sem fáanleg var, Leica M3. Síðar fékk hann sér svo aðra slíka, spegilhús, margar linsur og annan útbúnað auk tækja til framköllunar. Síðar bætti hann Rolleiflexvél og fleiri myndavélum í safnið.

Sr. Örn er safnari að eðlisfari. Hann hefur safnað frímerkjum, mynt, bókum og gömlum munum. Vegna þessarar áráttu þá hlaut að því að koma fyrr en síðar að hann tæki að safna gömlum myndavélum. Sú söfnun hófst árið 1980 er hann var að leita sér að gamalli kassavél og ætlaði að gera könnun á því hve góðar myndir hann gæti tekið með slíkri vél og ætlaði hann að framkalla og stækka sjálfur þær myndir. Með því vildi hann staðfesta þá kenningu að í raun sé það ætíð maðurinn á bak við myndavélina sem mestu máli skiptir enda þótt vandaðar vélar gefi honum auðvitað fjölbreyttari tækifæri til myndsköpunar.

Fljótlega eftir að myndavélasöfnunin hófst fyrir alvöru fóru sr. Erni að berast vélar að gjöf en að auki keypti hann nokkuð af vélum bæði hér á landi og erlendis. Félagar

hans og vinir ytra keyptu þar fyrir hann vélar og aldrei brá sr. Örn sér til útlanda án þess að bera heim aftur eina eða fleiri fágæta vélna í safnið.

Fjölmíðlar hafa nokkuð fjallað um safn sr. Arnar og í kjölfar umfjöllunar þeirra þá hafa honum ætíð borist einhverjar myndavélar og það sumar æði merkilegar. Sr. Erni þykir afar vænt um þessar gjafir enda má segja að þær hafi gert honum það kleyft að byggja upp þetta glæsilega safn en það gefur auga leið að maður með preststekjur í dreifbýli hér á landi getur ekki leyft sér mikið í þessum efnum. Myndavélasafn sr. Arnar hefur þannig vaxið smátt og smátt og mun hann nú eiga um 250 myndavélar af ýmsum stærðum og gerðum og mun það vera lang stærsta safn sinnar tegundar hér á landi.

*Ívar Gissurarson  
Sigmundur Einarsson*

*Besta filma ársins*



**FUJICHROME**  
**Velvia**

FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR



**LJÓSMYNDAVÖRUR**  
SKIPHOLTI 31

## Úr safni sr. Arnar Friðrikssonar

1. Ensign Midget. Ensk smávél frá ca. 1910. Sjaldgæf.
2. Kodak No. 2 Folding autographic Brownie, 6x9 cm. Anastigmat linsa 1:6,3. Ca. 1910-15. Mjög vel varðveitt vél.
3. No. 3-A folding pocket Kodak, 8x14cm. Ca 1910-15.
4. Voigtländer belgvél 6x9 cm. Compur lokari og Anastigmat-Skopar linsa 1:4,5 f=10,5 cm. 1928
5. Zeiss Ikon Icarette 6,5x11 cm. Compur lokari. Dominar anastigmat linsa. Belgvél frá ca. 1928.
6. „Ferðamyndavél“ úr mahóni. T.T. & H. Kodak anastigmat linsa. Compound lokari. Líklega dönsk. Ca. 1920.
7. Ernemann kassavél 6,5x11 cm. Ca. 1912.
8. Ónafngreind kassavél. ca. 1925? Þessi vél hefir mjög óvenjulegan vír ramma-leitara.
9. Ansco Memo. Ca. 1929. Myndstærð 24x24 mm. Agfa anastigmat linsa. Filman þræðist milli tveggja sérhannaðra kassetta.
10. Zeiss Ikon Ikonflex Favorit, 6x6 cm. Tveggja linsa reflexvél. Tessar linsa 1:3,5 F=75 mm. Sennilega framleidd rétt fyrir stríð? Vönduð Rolleiflex stæling.
11. Voightländer Prominent, 35 mm. Linsa: Color-Scopar 1:3,5/50. Synchron-Compur lokari. Mjög vönduð rammaleitarvél með skiptanlegum linsum. ca. 1951.
12. Voigtländer Bessa II, 6x9 cm. Linsa: Color-Heliar 1:3,5/105. Synchron-Compur lokari. Fjarlægðarmælir. Mjög vönduð belgvél með finni linsu sem enn er eftirsótt til notkunar, jafnvel af fagmönnum. Ca. 1950.
13. Zeiss Ikon Super Ikonta B, 6x6 cm. Linsa: Zeiss-Opton Tessar 1:2,8 f=80 mm. Synchron-Compur lokari. Fjarlægðarmælir og ljósmælir. Super Ikonta vélnarar þóttu um langt árabil einhverjir bestu belgvélar sem fáanlegar voru og eru víða enn í notkun. Ca. 1950.
14. Zeiss Ikon Ikonta 6x6 cm. Linsa: Zeiss-Opton Tessar 1:3,5 f=75 mm. Synchron Compur lokari. ca 1950.
15. Balda belgvél 6x6 cm. Linsa: Ennit 1:2,8 f=8 cm. Synchron-Compur lokari. Fjarlægðarmælir. Belgvélar með fjarlægðarmæli eru alltaf eftirsóttar af söfnurum. Ca. 1948.
16. Leica IIIf, 35 mm. Linsa: Leitz Elmar f=5 cm 1:3,5. Gardínulokari og fjarlægðarmælir. Linsur með skrufangsfestingu. Afar vinsælt Leica-módel Ca. 1950. Vinsældir Leicunnar byggðust lengi vel ekki síst á þessari frábæru linsu.
17. Leica M3,35 mm. Linsa: Summicron f=5 cm 1:2 með nærstillingu. Gardínulokari

## Skyggna-Myndverk hf. er ljósmyndavinnustofa, sem veitir eftirfarandi þjónustu:

---

- Framköllun samdægurs á litskyggnufilmum (slides).
  - Framköllun á litnegatífum filmum í öllum stærðum.
    - Handunnar stækkanir eftir öllum litfilmum.
      - Gerð mynda fyrir ljósakassa.
      - Fjölföldun á skyggnum og innrömmun.
  - Eftirtökur á hverskonar fyrirmyndum, stórum og smáum.
    - Skyggnur og litglærur til fyrirlestrarhalds.
    - Litljósritun eftir teikningum og kortum.
    - Alhliða ljósmyndun og víðþjónusta.
- 

Við leggjum metnað okkar í vandaða þjónustu



Ármúla 17a | 108 Reykjavík | Símar: 31827 & 31866

---

## Ljósmyndarar



**Anna Fjóra Gísladóttir** er fædd 7. desember 1969 í Vestur-Þýskalandi. Hún lauk sveinsprófi í ljósmyndun 1983 og hlaut meistarabréf 1987. Anna Fjóra starfaði sem ljósmyndari á Ljósmyndasafninu 1984–1989 og starfar nú við eigið stúdíó.



**Ágúst Ásgrímsson** er fæddur 3. maí 1965 á Akureyri. Hann starfar hjá Ljósmyndastofunni Norðurmynd á Akureyri þar sem hann lærði ljósmyndun.



**Bjarni Jónsson** er fæddur 2. júlí 1961 á Ísafirði. Eftir sveinspróf stundaði hann framhaldsnám við Germain School of Photography í New York 1982–1983 og meistarabréf hlaut hann 1983. Bjarni starfaði hjá Ljósmyndastofu Kópavogs á námsárum og frá 1984 hefur hann starfrækt Ljósmyndastofuna Mynd í Hafnarfirði. Árin 1986 og 1989 hélt Bjarni einkasýningu í Listasafni ASÍ og 1987 tók hann þátt í samsýningu á vegum IBM á Kjarvalsstöðum.



**Björn Torfi Hauksson** er fæddur 4. desember 1956 í Hafnarfirði. Hann lauk sveinsprófi hjá Mats Wibe Lund og Leifi Þorsteinssyni og stundaði framhaldsnám hjá Hiro í New York. Björn Torfi starfar nú sjálfstætt. Hann tók þátt í afmælisýningu Ljósmyndarafélagsins 1986.



**Björn Rúriksson** er fæddur 11. nóvember 1950 í Reykjavík. Hann er sjálfmenntaður í ljósmyndun og notaði fyrst eigin myndir sem greinahöfundur hjá Morgunblaðinu 1969–1974. Björn hefur átt aðild að myndskreytingu ýmissa bóka. Þeirra á meðal eru Íslenskir sjávarhættir og Landið þitt Ísland. Árið 1983 stjórnaði hann sjónvarpsþáttum um náttúru Íslands sem voru alfarið byggðir á ljósmyndum og 1990 gaf hann út og hannaði eigin ljósmyndabók, Yfir Íslandi. Myndir hans hafa birst í erlendum tímaritum, t.d. Geo, Time Life og Geographical Magazine. Björn hefur haldið 18 einkasýningar m.a. í London, New York, Seattle, Washington, Stokkhólmi, Mílanó og Tókýó.



**Bragi Þór Jósefsson** er fæddur 24. janúar 1961 í Reykjavík. Hann hefur lokið BFA-prófi frá Rochester Institute of Technology í New York. Bragi Þór var aðstoðarmaður við ýmis auglýsingastúdíó í New York 1986 en hefur rekið eigið ljósmyndastúdíó frá 1987 og unnið við alla almenna ljósmyndun. Hann hélt einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1990.



**Brynjar Gauti Sveinsson** er fæddur í Reykjavík 22. júlí 1963. Hann hefur starfað fimm ár sem fréttaljósmyndari í föstu starfi á DV og þrjú ár í hlutastarfi. Brynjar Gauti tók þátt í ljósmyndasýningu á afmælishátíð Błaðamannafélags Íslands 1989.



**Brynjólfur Jónsson** er fæddur 22. ágúst 1957. Hann nam ljósmyndun við Brooks Institute í Santa Fe í Kaliforníu 1986–1989 og hefur einnig stundað nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Brynjólfur hefur starfað sjálfstætt við ljósmyndun fyrir ýmsar auglýsingastofur og fyrirtæki. Hann tók þátt í útskriftarsýningu í Brooks Institute 1989.



**Eiríkur Jónsson** er fæddur 8. október 1953 í Vorsabæ á Skeiðum. Hann hefur stundað ljósmyndun í hlutastarfi hjá DV auk fastrar ljósmyndunar í sambandi við hestamót frá árinu 1978.



**Friðþjófur Helgason** er fæddur í Reykjavík 27. febrúar 1953. Hann er sjálfmenntaður í ljósmyndun. Friðþjófur hóf störf sem ljósmyndari hjá Alþýðublaðinu 1973, síðar hjá Morgunblaðinu, Helgarpóstinum, Vísi, DV og Frjálsu framtaki og hefur verið kvikmyndatökumaður hjá RÚV frá 1986. Hann hefur tekið þátt í sýningum Błaðamannafélags Íslands.



**Grímur Bjarnason** er fæddur 23. janúar 1955 í Reykjavík. Hann lærði ljósmyndun hjá Guðmundi Ingólfssyni í fmynd og starfar við auglýsinga- og tímaritaljósmyndun.



**Guðmundur A. Erlendsson** er fæddur 11. maí 1921 í Reykjavík. Hann nam ljósmyndun hjá Sigurði Guðmundssyni, lauk sveinsprófi 1948, og hlaut meistarabréf 1951. Guðmundur opnaði ljósmyndastofuna Studio ljósmyndastofa 1955 og Studio Guðmundar 1961 sem hann starfrækir enn. Hann tók þátt í ljósmyndasýningunni Nordisk Fotografisk Udstilling 1949, Agfa Colorfotografi 1952, Nordisk Udstilling í Norræna húsinu 1976 og Ungdom í Norden 1983.



**Guðmundur Kr. Jóhannesson** er fæddur 8. febrúar 1954 í Reykjavík. Nam ljósmyndun hjá Studio Mats í Reykjavík og starfaði þar uns hann hóf rekstur ljósmyndastofunnar Nærmyndar 1986.



**Gunnar Gunnarsson** er fæddur 15. september 1959 í Reykjavík. Hann nam ljósmyndun við Napier College í Edinborg 1980–1983. Gunnar starfaði sem ljósmyndari fyrir tímarit Fjöltnis hf. 1984–1987, Frjáls Framtaks 1987–1989 og hefur starfað hjá Fróða hf. frá 1990. Auk þessa hefur hann unnið að ýmsum öðrum ljósmyndaverkefnum á frjálsum markaði. Gunnar hélt einkasýningu 1983 í Crosswinds Gallery í Edinborg og sama ár í Gallery Lækjartorg í Reykjavík. Það ár tók hann einnig þátt í samsýningum í City Art Centre í Edinborg og í National Portrait Gallery í London.




**Gunnar Kristinn Hilmarsson** er fæddur í Reykjavík 16. maí 1963. Hann lærði ljósmyndun hjá Jóhannesi Long í Ljósmyndaranum og starfar þar við portret- og iðnaðarljósmyndun.



**Haukur Snorrason** er fæddur í júní 1968 í Reykjavík. Hann er nemi í ljósmyndun hjá Skyggju Myndverki hf. Haukur hefur unnið fyrir Samútgáfuna og ýmsar landkynningarútgáfur.



**Inga Sólveig Friðjónsdóttir** er fædd 12. september 1956 á Akureyri. Hún hefur lokið BFA-gráðu í ljósmyndun frá San Francisco Art Institute í Bandaríkjunum. Inga Sólveig hefur eingöngu starfað sjálfstætt sem ljósmyndari og hefur einnig fengið við hönnun t.d. plötualbúma og veggspjalda. Hún hefur haldið fimm einkasýningar hérlendis auk þess sem hún hefur sýnt í Leningrad, San Francisco og Boston og tekið þátt í fjölda samsýninga.



**James Robert Smart** er fæddur 24. maí 1949 í Norfolk á Englandi. Hann starfaði hjá Vikunni 1975–1980, Helgarpóstinum 1980–1989 og síðan hjá Þjóðviljanum. Jim Smart hefur tekið þátt í tveimur ljósmyndasýningum á vegum Bláðamannafélags Íslands og sýningu í Óðinsvéum í Danmörku 1987.



**Jóhanna Pétursdóttir** er fædd 29. janúar 1963. Hún er nemi í ljósmyndun hjá Svipmyndum.



**Jóhannes Long** er fædur í Reykjavík 9. október 1945. Hann lærði ljósmyndun hjá Mats Wibe Lund 1977–1982. Jóhannes tók fyrst myndir á eigin vegum og seldi til blaða og tímarita. Á námsárum vann hann einkum við að taka iðnaðarmyndir og portret. Jóhannes á nú og og rekur ljósmyndastofuna Ljósmyndarann. Hann tók þátt í samsýningu Ljósmyndrafélags Íslands 1986.



**Kristinn Ingvarsson** er fæddur 13. apríl 1962 á Akranesi. Hann lauk BA-prófi í ljósmyndun frá Harrow College of Higher Education í London og starfar nú hjá Þjóðviljanum. Þátttakandi í ljósmyndasýningu Bláðamannafélags Íslands í Listasafni ASÍ 1991 og á þrjár myndir í National Portrait Gallery í London.



**Lars Erik Björk** er fæddur 7. janúar 1937 Kristine förs. í Koppbergsléni í Svíþjóð. Hann sótti námskeið í ljósmyndun 1956, lauk sveinsprófi í prentmyndaljósmyndun 1968 og er nú lærlingur í ljósmyndun hjá Ljósmyndastofu Reykjavíkur. Lars Erik tók þátt í samsýningu á Mokka 1964, samsýningu í tilefni af 30 ára afmæli Sigmaklúbbsins og samsýningu Félags áhuga-ljósmyndara í Norræna húsinu. Hann hefur einnig tekið þátt fjölda samsýninga erlendis.



**Lárus Karl Ingason** er fæddur 11. nóvember í Reykjavík. Hann lauk námi í offsetljósmyndun við Iðnskólanum í Reykjavík 1983 og ljósmyndanámi hjá Sven Winqvist Fotoskola í Gautaborg 1987. Lárus Karl hefur starfað sjálfstætt við auglýsinga og iðnaðarljósmyndun frá 1987 og rekur eigin vinnustofu í Reykjavík undir nafninu Ljósmynd-Studio; tók þátt í loka-sýningu nemenda hjá Sven Winqvist í Gautaborg 1987.



**Leifur Þorsteinsson** er fæddur 27. nóvember 1933 í Reykjavík. Hann lauk sveinsprófi frá Dansk Fotografforenings Fagsskole í Kaupmannahöfn 1962. Leifur hefur starfað við auglýsinga- og iðnaðarljósmyndun frá 1962 og starfrækir ljósmyndafrirtækni Myndiðn. Hann tók þátt í ljósmyndasýningunum Reykjavík 1965, Fólki 1968 og Mandrama í Osaka í Japan 1970 auk margra samsýninga.



**Magnús Hjörleifsson** er fæddur 10. maí 1947 í Reykjavík. Hann hefur lokið undirbúningsnámi fyrir sveinspróf. Magnús hefur undanfarin tíu ár starfað sjálfstætt við auglýsinga- og tfsku-ljósmyndun fyrir tímarit og rekur fyrirtækið Studio Magnús í Reykjavík. Hann hefur tekið þátt í samsýningum hérlendis og erlendis.



**Magnús Reynir Jónsson** er fæddur 22. október 1956 í Bandaríkjunum. Hann lauk B.A. prófi frá Bournemouth í Englandi 1984 og stundaði nám í ljósmyndun við Pool College of Art and Design í Pool í Englandi. Magnús Reynir hefur unnið við alla almenna ljósmyndun frá 1984.



**Marisa Arason** er fædd 23. mars 1954 í Barcelona á Spáni. Hún tók þátt í ljósmyndanámskeiði 1981 hjá la Agrupación Foto-grafica de Catalunya í Barcelona á Spáni og stundaði nám 1983–1986 við Institut d'Estudis Fotografics de Catalunya sem einnig er í Barcelona. Marisa tók þátt í samsýningu 1981 í Barcelona á vegum la Agrupación Foto-grafica de Catalunya, 1984 og 1986 í Barcelona á vegum Institut d'Estudis Fotografics de Catalunya og 1986 í Nýlistasafninu í Reykjavík. Hún starfaði hjá Myndiðn 1983–1984, hjá Ímynd 1987, fyrir tímaritið Þjóðlíf 1988 og hefur starfað hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar frá 1989.



**Mats Wibe Lund** er fæddur 28. febrúar 1937 í Osló. Hann nam ljósmyndun hjá Det kongelige norske flyvåpen 1958–1960 og við Staatliche Höhere Fachschule für Photo-graphie í Köln í Vestur-Þýskalandi 1960–1962. Mats starfaði sem ljósmyndari og blaðamaður fyrir erlenda fjölmiðla 1954–1970, stofnaði Icelandic Photo & Press Service 1966 og rak um tíma ljós-myndavöruverslun og portrettstúdíó undir nafninu Studio Mats sf. Hann starfar nú á eigin vegum og leggur einkum áherslu á átt Haga og landslagsmyndatökur úr lofti. Mats hefur tekið þátt í ljósmyndasýningum bæði innanlands og utan.



**Odd Stefán Þórisson** er fæddur 27. mars 1960 í Keflavík. Hann nam ljósmyndun við Société d'enseignement professionnel du Rhône í Frakklandi 1985–1989 og hefur verið ljósmyndari hjá tímaritinu Heimsmýnd frá 1989. Odd Stefán tók þátt í ljós-myndasýningu hjá Bourse de travail í Lyon í Frakklandi.



**Oddur Sigurðsson** er fæddur 10. apríl 1945 á Akureyri. Hann starfar hjá Orkustofnun og er sjálfmenntaður í ljósmyndun. Í tengslum við starf sitt hefur Oddur tekið mikið af myndum úr íslenskri náttúru og myndir úr safni hans hafa birst í fjölmörgum bókum og tímaritum. Í seinni tíð hefur Oddur lagt áherslu á myndir af skordýrum.



**Páll A. Pálsson** er fæddur 18. mars 1946 á Akureyri. Hann lauk hefðbundnu námi í ljósmyndun og hefur síðastliðin 24 ár starfrækt Ljósmyndastofu Páls á Akureyri. Páll hefur tekið þátt í þremur samsýningum á vegum Ljósmyndarafélagsins.



**Pétur Pétursson** er fæddur 27. júní 1959 á Akranesi. Hann er nemi í ljósmyndun hjá Nærmynd.



**Rafn Hafnfjörð** er fæddur 21. desember 1928 í Hafnarfirði. Hann er sjálfmenntaður í ljósmyndun og hefur einkum lagt stund á landslagsljósmyndun. Rafn sýndi myndir í Listamannaskálanum 1952 á vegum Ferðafélags Íslands, á samsýningu Félags áhugaljósmyndara í Ásmundarsal 1954, með félögum úr Litla ljósmyndaklúbbnum í Bogasalnum 1961, í Íslandsdeildinni á Heimssýningunni í Montreal 1967, á Kjarvalsstöðum 1979 (einkasýning), á Form Ísland 1984 og á samsýningu á íslenskri nytjalist sem sýnd var í 11 borgum á Norðurlöndum og endaði í Norræna húsinu 1985. Þá hefur Rafn tekið þátt í nokkrum samsýningum erlendis.



**Ragnar Axelsson** er fæddur 6. mars 1958 í Kópavogi. Hann nam ljósmyndun hjá Ingibjörgu Kaldal og hefur síðan starfað hjá Morgunblaðinu. Ragnar hefur tekið þátt í tveimur samsýningum á vegum Bláðamannafélags Íslands og haldið eina einkasýningu á Kjarvalsstöðum.



**Ragnar Th. Sigurðsson** er fæddur 30. maí 1955 í Reykjavík. Hann lærði ljósmyndun í Sven Winqvists Fotoskola í Gautaborg og í Iðnskólanum í Reykjavík. Ragnar starfaði sem ljósmyndari á Dagblaðinu 1975–1981, á Vikunni til 1985 og hefur síðan starfrækt eigið stúdíó við auglýsinga- og iðnaðarljósmyndun.



**Rut Hallgrímsdóttir** er fædd 19. febrúar 1951 á Seltjarnarnesi. Hún stundaði nám í ljósmyndun í Iowa í Bandaríkjunum og hjá Sigurgeiri Sigurjónssyni í Svipmyndum. Rut starfaði fyrst hjá Svipmyndum og hefur starfað við eigið stúdíó síðan 1987.



**Sigurður Stefán Jónsson** er fæddur 8. desember 1958 á Húsavík. Hann hefur lokið BFA-gráðu frá School of Visual Arts í New York og hefur íslenskt meistarábréf. Hann starfaði í þrjú ár sem aðstoðarmaður hjá ýmsum ljósmyndurum í New York og hefur starfað sjálfstætt hérlendis frá 1989, einkum við auglýsingagerð á vegum ýmissa auglýsingastofa auk annarra aðila.



**Sigurður Hrafn Stefniðsson** er fæddur 23. ágúst 1963 í Reykjavík. Hann er sjálfmenntaður í ljósmyndun og hefur unnið við störf tengd ljósmyndum undanfarin fimm ár.



**Sigurgeir Sigurjónsson** er fæddur 4. nóvember 1948. Hann lærði ljósmyndun á Íslandi 1965–1969 og stundaði framhaldsnám í Svíþjóð 1970–1971 og í Bandaríkjunum 1980–1981. Sigurgeir hefur tekið þátt í nokkrum ljósmyndasýningum.



**Sigurþór Halbjörnsson** er fæddur 17. febrúar 1956 á Ísafirði. Hann stundaði nám í ljósmyndun við De Vrije Academie Den Haag í Hollandi og starfar sem ljósmyndari hjá vikublaðinu Pressunni. Sigurþór hélt sýningu á Mokka 1989 og í De Vrije Academie Den Haag 1990.



**Snorri Snorrason** er fæddur á Flateyri 2. maí 1930. Hann hefur verið áhugasamur um ljósmyndun frá 12 ára aldri. Snorri myndaði mikið úr sögu Flugfélags Íslands allt frá árinu 1944, en einkum er hann var flugmaður og flugstjóri hjá félaginu 1950–1981. Hann hefur tekið mikið af landslagsmyndum og frá árinu 1959 hefur hann markvisst myndað íslensk fiskiskip. Snorri var annar af stofnendum Sólarfilmu árið 1961.



**Þórir Halldór Óskarsson** er fæddur 13. maí 1939 á Sandeyri á Snæfjallaströnd, N-Ís. Hann lauk sveinsprófi 1959 og hlaut meistarábréf 1964 og hefur rekið eigin ljósmyndastofu síðan. Þórir tók þátt í afmælisýningum Ljósmyndarafélags Íslands í tilefni af 35, 50 og 60 ára afmæli félagsins. Hann er núverandi formaður félagsins.



**Þorkell Þorkelsson** er fæddur 13. maí 1965. Hann er sjálfmenntaður í ljósmyndun. Þorkell hefur starfað við ljósmyndun hjá Morgunblaðinu frá 1985.



## Myndir á sýningu

### Frjáls flokkur

1. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Flugveður.
2. *Gunnar Gunnarsson* – Síðhærðir karlmenn; Pétur Kristjánsson, Benjamín Eiríksson, Eyþór Arnalds, Gústaf Guðmundsson og Björn Bragi Kristjánsson.
3. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Í Þorlákshöfn.
4. *Sigurður Stefán Jónsson* – Án titils.
5. *Haukur Snorrason* – Páskahret við braut 11.
6. *Lars Björk* – Án titils.
7. *Bragi P. Jósefsson* – Didda.
8. *Sigurður Stefán Jónsson* – Marmarakonan.
9. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Þvottur á Eyrarbakka.
10. *Sigurður Stefán Jónsson* – Án titils.
11. *Porkell Þorkelsson* – Án titils.
12. *Guðmundur Kr. Jóhannesson* – Fótboltafrík.
13. *Bjarni Jónsson* – Án titils.
14. *Rafn Hafnfjörð* – Haust.
15. *Björn Rúriksson* – Vélmenning.
16. *Jóhanna Pétursdóttir* – Í tilefni af nýjum búvörusamningi.

### Iðnaðar- og atvinnuljósmyndir

17. *Bragi P. Jósefsson* Án titils. – Tekin fyrir Hörpu hf.
18. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
19. *Sigurður Stefán Jónsson* – Súkkulaðikona. Tekin fyrir P&Ó vegna Glitnis hf.
20. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Landsvirkjun. Tekin fyrir Sameinuðu auglýsingastofuna.
21. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
22. *Ragnar Th. Sigurðsson* – Svartsengi.
23. *Björn Rúriksson* – Fast þeir sóttu sjóinn.
24. *Ragnar Th. Sigurðsson* – Vísindi.
25. *Rafn Hafnfjörð* – Ræktun.
26. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
27. *Björn Rúriksson* – Bóndi er bústólpi.
28. *Sigurður Stefán Jónsson* – Tölvukarl. Tekin fyrir P&Ó vegna Glitnis hf.
29. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Landsvirkjun. Tekin fyrir Sameinuðu auglýsingastofuna.
30. *Snorri Snorrason* – Í síld á Siglufirði 1960.
31. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
32. *Björn Rúriksson* – Án titils.

## Auglýsingamyndir

33. *Sigurður Stefán Jónsson* – Auglýsing fyrir Fjárfestingafélagið, tekin fyrir Hvíta Húsið. Teiknari Jakob Jóhannesson.
34. *Porkell Þorkelsson* – Án titils. Tekin fyrir Cosmo.
35. *Lárus Karl Ingason* – Fyrirgefðu.
36. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Rúnar Marvinsson, matreiðslumaður. Tekin fyrir Ocean Fresh Seafood, Boston.
37. *Lárus Karl Ingason* – Sólarstelpa. Tekin fyrir Samvinnuferðir-Landsýn.
38. *Porkell Þorkelsson* – Án titils. Tekin fyrir Cosmo.
39. *Sigurgeir Sigurjónsson* – St. Yves sjampó. Tekin fyrir Gott Fólk.
40. *Lárus Karl Ingason* – Stund milli stríða. Tekin fyrir Sól hf.
41. *Ragnar Th. Sigurðsson* – Lax.
42. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Bláa lónið. Tekin fyrir Northern Gas Company, Oregon.

## Persónumyndir

43. *Guðmundur Kr. Jóhannesson* – Skáldið og rithöfundurinn.
44. *Jim Smart* – Finnur.
45. *Sigurþór Hallbjörnsson* – Svarti riddarinn.
46. *Bragi P. Jósefsson* – Edda.
47. *Gunnar Gunnarsson* – Eggert Magnússon við eitt verka sinna.
48. *Sigurður Stefán Jónsson* – Syrpa. Listræn útfærsla: Tómas Jónsson.
49. *Bragi P. Jósefsson* – Gunnar Sverrisson.
50. *Jim Smart* – Helgi.
51. *Bragi P. Jósefsson* – Lárus Björnsson, Neðra-Nesi.
52. *Gunnar Gunnarsson* – Gríman felld. Laddi. Förðun: Ólöf Ingólfsdóttir.
53. *Sigurður Stefán Jónsson* – Richie „the cat“ Scarpitta.
54. *Jim Smart* – Erlingur.
55. *Sigurþór Hallbjörnsson* – Portrett.
56. *Sigurður Stefán Jónsson* – Steina.
57. *Magnús Hjörleifsson* – Bubbi.
58. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Portrett í heita læknum í Öskjuhlíð.
59. *Þórir H. Óskarsson* – Kristján frá Skjaldfönn.
60. *Jóhannes Long* – Gústi
61. *Björn Torfi Hauksson* – Valdemar Örn Flygenring.
62. *Guðmundur A. Erlendsson* – Portrett.
63. *Lárus Karl Ingason* – Allsherjargoðinn.
64. *Guðmundur Kr. Jóhannesson* – Portrett.
65. *Kristinn Ingvarsson* – Jarlinn af Longford.
66. *Rut Hallgrímsdóttir* – Augnablik.

## Tískumyndir

67. *Odd Stefán Þórisson* – Án titils.
68. *Bragi Þ. Jósefsson* – Tekin vegna forsíðusamkeppni tímaritsins Hárs og fegurðar.
69. *Odd Stefán Þórisson* – Ungfrú Ísland 1990.
70. *Lárus Karl Ingason* – Tískumynd fyrir Kjallarann.
71. *Gunnar Gunnarsson* – Linda. Stíflisti: Dóra Einarsdóttir, förðun: Ragna Fossberg.
72. *Magnús Hjörleifsson* – Án titils.
73. *Odd Stefán Þórisson* – Án titils.
74. *Sigurður Stefán Jónsson* – Elín. Förðun: Lína Rut Karlsdóttir.
75. *Odd Stefán Þórisson* – Án titils
76. *Lárus Karl Ingason* – Tískumynd fyrir Stefanel.
77. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
78. *Þorkell Þorkelsson* – Án titils.
79. *Sigurður Stefán Jónsson* – Anna. Förðun: Lína Rut Karlsdóttir.

## Listræn ljósmyndun

80. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Úr eyðibýli.
81. *Marisa Arason* – Hús skugganna.
82. *Sigurður Stefán Jónsson* – Án titils.
83. *Magnús Reynir Jónsson* – Lögmal.
84. *Inga Sólveig Friðjónsdóttir* – Án titils.
85. *Lárus Karl Ingason* – Ást.
86. *Björn Rúriksson* – Litbrigði jarðar.
87. *Inga Sólveig Friðjónsdóttir* – Kúgun.
88. *Grímur Bjarnason* – Lagskona.
89. *Magnús Hjörleifsson* – Í fjörinni I.
90. *Magnús Hjörleifsson* – Í fjörinni II.
91. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Uppstilling. Tekið fyrir AUK. Teiknari Lissý.
92. *Leifur Þorsteinsson* – Kyrralíf.
93. *Ágúst Ásgrímsson* – Síðasta blómið.
94. *Lárus Karl Ingason* – Eva.
95. *Björn Rúriksson* – Jörð í árdaga I, II og III.
96. *Sigurþór Hallbjörnsson* – Svarti riddarinn.

## Barnamyndir

97. *Rut Hallgrímsdóttir* – Leifur.
98. *Marisa Arason* – Dans.
99. *Bragi Þ. Jósefsson* – Alexander Ólafsson.
100. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Valva.
101. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Anna Kristín.

102. *Pétur Pétursson* – Pétur og úlfurinn.
103. *Bjarni Jónsson* – Án titils.
104. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Öryggi. Tekið fyrir Auglýsingastofuna Yddu.
105. *Gunnar Kristinn Hilmarsson* – Bræður.
106. *Eiríkur Jónsson* – Heimurinn er forvitnilegur fyrir unga drengi og ekki síður folöldin sem ekki hafa séð slíka fíra fyrr.
107. *Brynjar Gauti Sveinsson* – Yfir hindranir með bros á vör.
108. *Lárus Karl Ingason* – Litla hljómsveitin.
109. *Guðmundur Kr. Jóhannesson* – Kittý.
110. *Pétur Pétursson* – Júníor.
111. *Pétur Pétursson* – Ég á skóna.

## Daglegt líf

112. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Brúðkaup.
113. *Marisa Arason* – Ay! Madre mia.
114. *Bragi Þ. Jósefsson* – Fyrirburi (2,8 merkur við fæðingu).
115. *Anna Fjóra Gísladóttir* – Afi greiðir úr netinu.
116. *Jóhannes Long* – Nærgætni.
117. *Brynjar Gauti Sveinsson* – Heimsókn í klaustur karmelsystra í Hafnarfirði.
118. *Lárus Karl Ingason* – Forleikur.

119. *Brynjólfur Jónsson* – Hjólreiðatúr.
120. *Ragnar Axelsson* – Veiðimenn á norðurslóð.
121. *Marisa Arason* – Vinalegur morgunverður.
122. *Bragi Þ. Jósefsson* – Ragnheiður Runólfsdóttir.
123. *Brynjólfur Jónsson* – Stay out white man.
124. *Bjarni Jónsson* – Án titils.
125. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Foreldrar mínir.
126. *Pétur Pétursson* – Elsku amma.
127. *Páll A. Pálsson* – Miðnæturgolf.

## Landslags- og náttúrulífsmyndir

128. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
129. *Anna Fjóra Gísladóttir* – Ein á báti.
130. *Magnús Reynir Jónsson* – Mosasónata.
131. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Við Fjallsárlón.
132. *Oddur Sigurðsson* – „Lék ég mér að stráum“.
133. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
134. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Dyrhólaey.
135. *Oddur Sigurðsson* – Og lífið heldur áfram.

136. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
137. *Brynjólfrur Jónsson* – Fuglar.
138. *Oddur Sigurðsson* – Reykjadalssá.
139. *Rafn Hafnfjörð* – Orka.
140. *Ragnar Axelsson* – Hreindýr.
141. *Friðþjófur Helgason* – Án titils.
142. *Sigurgeir Sigurjónsson* – Mývatn.
143. *Sigurður Hrafn Stefnisson* – Rafmögnuð náttúra.
144. *Marisa Arason* – Tíminn stendur kyrr.
145. *Bragi Þ. Jósefsson* – Himinn og jörð.
146. *Björn Rúriksson* – Sól úr sorta.
147. *Mats Wibe Lund* – Árstíðirnar.

---

## Verðlaunamyndir

Á sýningunni hafa verið valdar ein mynd úr hverjum flokki til verðlauna. Heildarverðlaun eru að andvirði kr. 550.000. Höfundur hverrar verðlaunamyndar hlýtur því verðlaun að andvirði kr. 50.000. Að auki munu sýningargestir velja mynd sýningarinnar og mun Skyggna Myndverk hf. verðlauna höfund þeirrar myndar með andvirði kr. 100.000.-.

Eftirtaldir aðilar veita verðlaun á sýningunni:

|                          |                                 |
|--------------------------|---------------------------------|
| Morgunblaðið             | Frjáls flokkur                  |
| Félag ísl. iðnrekenda    | Iðnaðar- og atvinnuljósmyndun   |
| Davíð Pitt og Co.        | Auglýsingamyndir                |
| Ljósmyndarafélag Íslands | Barnamyndir                     |
| Osta og smjörsalan sf.   | Daglegt líf                     |
| Módel 79                 | Tískumyndir                     |
| Hans Petersen hf.        | Persónumyndir                   |
| Ljósmyndasafn            |                                 |
| Reykjavíkurborgar        | Listræn ljósmyndun              |
| Flugleiðir hf.           | Landslags- og náttúrulífsmyndir |
| Skyggna Myndverk hf.     | Mynd sýningarinnar              |

## Dómnefnd

Í dómnefnd sátu eftirtaldir:

|                       |   |
|-----------------------|---|
| Rúnar Gunnarsson,     | tilnefndur af Ljósmyndarafélagi Íslands.    |
| Guðbergur Auðunsson,  | tilnefndur af Sambandi ísl. myndlistamanna. |
| Ólafur Engilbertsson, | tilnefndur af Sjónvarpinu.                  |
| Sigríður Bragadóttir, | tilnefnd af Sambandi ísl. auglýsingastofa.  |
| Porvaldur Jónasson,   | tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands.      |

Frískur og fallegur bíll fyrir nútímafólk

RENAULT  
FER A KOSTUM



60 sérfræðingar bílatharita frá 17 löndum  
gáfu Renault Clio hestu einkunn edur  
reynsluakstur. Clio var kjörin BILL  
ARSINS Í EVRÓPU 1991 með einkunninni  
312 stig - helum 54 stigum meira en sí  
bíll hátt sem komst næst Clio.

**Clio**  
Fullkomin  
yfirburðir



BILL ARSINS 1991

**Bílaumboðið hf**

Krókhálsi 1. Reykjavík, sími 686633.

## Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar



Í fyrra var haldið upp á það, að þá voru 150 ár liðin frá upphafi ljósmyndunar. Frakkinn J.N. Niepce átti heiðurinn af þessari uppfinningu, en það var landi hans, náttúrufræðingurinn Des Cloizeaux, sem tók fyrstu ljósmyndirnar á Íslandi, svo vitað sé. Tvær myndir hans frá 1846 af Reykjavík, sem var þá varla meira en þyrping nokkurra timburhúsa, hanga hér á veggjunum. Þessar myndir ásamt tugþúsundum annarra eru nú geymdar á Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar.

Ljósmyndun varð fljótlega nokkuð almenn. Hún byggðist frá byrjun á notkun ljósnæmra efna, oftast á glerplötum fram að tíma plastfilmunnar. En hvað varð svo um allar myndirnar sem teknar voru, jafnvel

með talsverðri fyrirhöfn? Því miður hefur mikið af þessum myndum týnst, m.a. vegna þess að menn voru lengi að átta sig á gildi þeirra, og á það líka við um þær ljósmyndir sem teknar voru hér á landi. Enn er þó áreiðanlega mikið til af myndum í landinu frá liðnum tímum. Ljósmyndasafnið óskar eindregið eftir að komast í samband við þá sem kunna að eiga slíkar myndir, því að markmið þess er að geta gefið sem heillegasta mynd af sögu lands og lýðs í ljósmyndum. Annars þurfa ljósmyndir, sem ástæða er til að geyma á safni, alls ekki að vera ævagamlar. Sem dæmi má nefna þjóðlífsmyndir, myndir af byggingum, atvinnuháttum og klæðaburði. Allt þetta breytist örar en við gerum okkur grein fyrir. Við á Ljósmyndasafninu biðjum því fólk um að henda alls ekki myndum, heldur koma með þær á safnið.

Hvernig fær Ljósmyndasafnið myndir og filmur til geymslu? Annað hvort er um að ræða gjafir til safnsins eða eigendurnir gera samning um geymslu mynda sinna, skráningu og afnot höfundarréttar.

Hvað verður um þau ljósmyndasöfn sem Ljósmyndasafnið tekur til geymslu? Fyrst er gengið úr skugga um stærð safnanna, síðan er gengið frá þeim til varðveislu og þau tölvuskráð samkvæmt kerfi frá Eastman Kodak. Eftir að myndir hafa verið skráðar á þennan hátt er fljótlegt að finna þær aftur, og býður skráningarkerfið upp á að það sé hægt eftir mörgum mismunandi leiðum. Þá eru gerðar pappírskópíur af filmum, svo að viðskiptavinir safnsins geti gert sér betri grein fyrir myndunum sem á þeim eru. Ljósmyndasafnið rekur eigin ljósmyndastofu sem vinnur úr myndefni safnsins eftir óskum viðskiptavina.



Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar er opið virka daga frá kl. 9 til 17, og vonum við að sem flestir gefi sér tíma til þess að líta við hjá okkur og kynna sér það sem safnið hefur upp á að bjóða. Safnið hefur kappkostað að vera í sem bestum tengslum við starfandi ljósmyndara og því er ánægjulegt að fá tækifæri til þess að sýna hér með þeim. Fyrir það viljum við þakka forsvarsmönnum fyrirtækisins Skyggnu-Myndverks hf. Þessi sýning, sem fengið hefur heitið „Íslenska ljósmyndasýningin 1991“ er lofsvert framtak sem mun vekja athygli á stöðu ljósmyndunar í íslensku samfélagi.

Eyjólfur Halldórs  
forstöðumaður

Sýningardeild  
Ljósmyndasafns Reykjavíkurborgar

## Ljósmyndarar

**Alfred-Louis-Oliver Des Cloizeaux** (1817–1897).

Franskur náttúrufræðingur og kennari. Hann var einn vísindamanna í fjölþjóðlegum leiðangri, sem kom hingað vorið 1846 til þess að rannsaka afleiðingar Heklugossins árið áður. Ljósmyndir Des Cloizeaux eru svonefndar Daguerreótypur.

**Catt. A.F. Mockler-Ferryman.**

Breskur ferðamaður sem kom til Íslands árið 1887 með félag sínum, W. Livingstone-Learmonth. Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar á handsikrifaða dagbók Livingstone-Learmonth frá ferðum þeirra um Suðurland, en lengst austur komust þeir að Heklu. Bókin er skreytt ljósmyndum eftir Mockler-Ferryman.

**Tempest Anderson** (1846–1913).

Enskur augnlæknir. Kom tvisvar til Íslands, 1890 og 1893, vegna áhuga síns á jarðfræði. Skrifaði bókina „Volcanic Studies from Many Countries“ (1903) með myndum frá ferðum sínum.

**Magnús Ólafsson** (1862–1937).

Hann rak ljósmyndastofu í Reykjavík frá 1901 og tók mikinn fjölda mynda í borginni og úti á landi. Reykjavíkmyndir Magnúsar sýna vel bæinn um hans daga og panoramamyndir (víðmyndir) voru sérgrein hans. Magnús var einn af stofnendum Ljósmyndarafélags Íslands og fyrsti formaður þess, 1926.

**Matthías Eggertsson** (1865–1955).

Bróðursonur séra Matthíasar Jochumssonar. Guðfræðingur og lengst af prestur í Grímsey.

**Eyjólfur Jónsson** (1869–1944).

Bankastjóri Íslandsbanka og ljósmyndari á Seyðisfirði. Eyjólfur var afkastamikill ljósmyndari og tók mikinn fjölda portrett- og þjóðlífsmynda.

**Pétur A. Ólafsson** (1870–1949).

Athafnamaður á Petreksfirði, umsvifamikill í verslunarrekstri og útgerð. Hann var hvatamaður að stofnun fyrsta Flugfélags Íslands 1919 og í stjórn þess, einnig í

stjórn Eimskipafélags Íslands 1919–1927. Pétur tók margar ljósmyndir á Patreksfirði og síðar í Reykjavík og á Akureyri.

**Ingimundur Sveinsson** (1873–1926).

Lærður ljósmyndari og organisti, bróðir Jóhannesar Kjarval. Starfaði á Eskifirði sem ljósmyndari 1907–1908. Ferðaðist um landið og vann fyrir sér sem tónlistarmaður.

**Pétur Leifsson** (1886–1961).

Lærði hjá Péttri Brynjólfssyni, ljósmyndara í Reykjavík. Starfaði hér sem ljósmyndari með öðrum og á eigin stofu.

**Ólafur Friðriksson** (1886–1964).

Hann hafði mikil afskipti af verkalýðs- og stjórnmálum í Reykjavík 1915–1940; hafði m.a. forgöngu um stofnun Alþýðuflokksins og Alþýðusambands Íslands. Ólafur var einnig rithöfundur.

**Ólafur Magnússon** (1889–1954).

Sonur Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara; lærði hjá föður sínum og fór til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn og Berlín. Ljósmyndari í Reykjavík frá 1913. Tók þátt í ljósmyndasýningum erlendis, einna fyrstur íslenskra ljósmyndara. Konunglegur hirðljósmyndari.

**Peter Söraa.**

Dani sem kom til Íslands sumarið 1924 í tengslum við góðtemplarahreyfinguna. Ferðaðist m.a. um Suður- og Norðurland og skráði ferðalagið með ljósmyndavél sinni.

**Trausti Ólafsson** (1891–1961).

Efnaverkfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla. Áhugamaður um ljósmyndun; tók m.a. margar myndir á Vestfjörðum.

**Jón Kaldal** (1896–1981).

Hann lærði hjá danska ljósmyndaranum Elfeldt í Kaupmannahöfn. Þekktastur fyrri portrettmyndir af þjóðkunnnum Íslendingum. Jón rak ljósmyndastofu í Reykjavík 1925–1974 og notaði sömu vélina við stúdíomyndatöku allan sinn feril. Þessi vél er á sýningunni. Hann tók þátt í fjölmörgum sýningum erlendis, og vann til verðlauna.

**Óskar Gíslason** (1901–1990).

Ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður. Óskar lærði ljósmyndun hjá Magnúsi

Ólafssyn og síðar Elfeldt í Kaupmannahöfn. Gerði heimildamynd um lýðveldishátíðina 1944 og myndina Björgunarafrekið við Látrabjarg (1949) auk leikinna mynda. Var einn af stofnfélögum Ljósmyndarafélags Íslands og heiðursfélagi þess.

**Skafti Guðjónsson** (1902–1971).

Hann var bókbindari, vann fyrst hjá Ísafoldarprentsmiðju en síðar lengi á bókbandsstofu Landsbókasafnsins. Skafti tók fjölmargar myndir á árunum 1921–1953. Gekk mjög skipulega frá safni sínu í alþívum, dagsetti hverja mynd og gerði grein fyrir myndefninu.

**Einar Einarsson frá Krosshúsum** (1903–1962).

Kaupmaður og útgerðarmaður í Grindavík. Auk þess að taka ljósmyndir, aðallega í Grindavík og nágrenni, tók hann töluvert af kvikmyndum.

**Karl Ch. Nielsen** (1895–1951).

Starfaði hjá Reykjavíkurborg um árabíl, og eru margar mynda hans af borgarstarfsmönnum við vinnu sína.

## Taktu þínar myndir á **Nikon**



LJÓSMYND:  
BJÖRN ÞORIKSSON  
MYNDAVÉL: NIKON F2  
LINSA: NIKKOR 105/2.5

**FÓKUS HF.**

Lækjargötu 6A, Reykjavík, sími 155 55

Einkaumboð:





# TÖKUM HÖNDUM SAMAN

Tökum höndum saman, leggjum grunn að framtíð fermingar barnsins. Gefum því Íslensku alfræðiorðabókina — háskóla heimilanna, bók sem byggjandi er á.



*Hugmynd að  
fermingargjöf*

ÖRN OG ÖRLYGUR

Síðumúla 11 · Sími 84866

## **Eggert Briem** (1898–1985).

Bóksali og bókaútgefandi í Reykjavík, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins og síðar fulltrúi hjá Eimskipafélagi Íslands hf. Í stjórn margra félaga og stofnana, m.a. Alþýðubókasafns Íslands, Ferðafélags Íslands og Sálarannsóknarfélags Íslands.

## **Óskar Sigvaldason**, f. 1908.

Atvinnubílstjóri á Akureyri og í Reykjavík. Byrjaði að taka ljósmyndir 1937 og hefur tekið myndir víða á landinu, einkum í Norður-Þingeyjarsýslu.

## **Ingólfur Davíðsson**, f. 1903.

Kennari og náttúrufræðingur; hefur unnið að rannsóknum á gróðurfari landsins og plöntusjúkdómum. Tók ljósmyndir víða um land.

## **Pétur Thomsen** (1910–1988).

Lærði ljósmyndun og kvikmyndagerð í Þýskalandi. Starfrækti ljósmyndastofu í Reykjavík frá 1950. Konunglegur sænskur hirðljósmyndari. Myndaði mikið fyrir opinbera aðila og fyrirtæki.

## **Gunnar Rúnar Ólafsson** (1917–1965).

Nam ljósmyndun og kvikmyndagerð í Bandaríkjunum. Var um skeið blaðaljósmyndari hjá Morgunblaðinu og rak eigin ljósmyndastofu frá 1949. Eftir Gunnar Rúnar liggur fjölbreytt safn ljósmynda. Hann gerði kvikmyndirnar Fagur er dalur fyrir Skógrækt ríkisins og Sigur lífsins fyrir Samband ísl. berklasjúklinga.

## **Jón Jónsson frá Þjórsárholti** (1908–1990).

Atvinnubílstjóri í Reykjavík. Ferðaðist mikið innanlands og myndaði það sem fyrir augu bar.

## **Eyjólfur Halldórsson** (1903–1986).

Verkstjóri hjá Vatnsveitu Reykjavíkur. Mikill áhugamaður um ferðalög og starfandi félagi í Ferðafélagi Íslands og Útivist. Tók mikið af myndum á ferðum sínum.

## **Ljósmyndarar Þjóðviljans.**

Hluti af ljósmyndasafni Þjóðviljans er geymdur í Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar. Á sýningunni eru sýnishorn mynda úr þessu safni.

## **Vladimir Sichov**, f. 1945.

Sovéskur ljósmyndari sem búið hefur í París frá 1979. Eftir hann er ljósmyndabókin „Les Russes“ með ljósmyndum frá Sovétríkjunum sem vöktu mikla athygli. Sichov hefur unnið fyrir þekkt tímarit beggja vegna Atlantshafsins. Tók myndir af íslenskum listamönnum sem birtust í bókinni „Iceland Crucible“ (1985).

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
KJARVALSSTAÐIR

**NÆSTU SÝNINGAR:**

|                              |   |  |
|------------------------------|---|--|
| 6.4.-21.4.<br>(2.4.-22.4.)   | Listmálarafélagið<br>Menningarstofn/Teppi<br>Kjarval<br>Kjarval | vestursalur<br>vesturforsalur<br>austursalur<br>austurforsalur |
| 27.4.-12.5.<br>(23.4.-13.5.) | Yoko Ono<br>Yoko Ono<br>Fluxus<br>Fluxus                        | vestursalur<br>vesturforsalur<br>austursalur<br>austurforsalur |
| 18.5.-2.6.<br>(14.5._3.6.)   | Yoko Ono<br>Yoko Ono<br>Fluxus<br>Fluxus                        | vestursalur<br>vesturforsalur<br>austursalur<br>austurforsalur |
| 8.6.-23.6.<br>4.6.-24.6.     | Christo<br>Christo<br>MHÍ<br>MHÍ                                | vestursalur<br>vesturforsalur<br>austursalur<br>austurforsalur |
| 29.6.-14.7.<br>(25.6.-15.7.) | Christo<br>Christo<br>ASÍ<br>ASÍ                                | vestursalur<br>vesturforsalur<br>austursalur<br>austurforsalur |

# VANTAR SKÍRTEINI?

## Fyrir skóla, fyrirtæki, stofnanir?

Láttu okkur leysa vandann.  
Við útbúum pottpétt skírteini  
með stuttum fyrirvara á  
ótrúlega hagstæðu verði.





---

## Um sýninguna

|                           |  |
|---------------------------|--|
| <i>Framkvæmdastjórn:</i>  | Einar Erlendsson<br>Ívar Gissurarson<br>Kristján Pétur Guðnason<br>Sigmundur Einarsson |
| <i>Lýsing:</i>            | Sveinn Benediktsson<br>Benedikt Sveinsson  |
| <i>Innrömmun:</i>         | Katel  |
| <i>Þýðing úr frönsku:</i> | Dúi Landmark   |
| <i>Prentvinnsla:</i>      | Korpus hf.   |

Bókaútgáfunni Erni og Örlygi hf. er þökkuð ómetanleg tækniástoð við undirbúning sýningarinnar.

---

## Efnisyfirlit

| <i>Efni</i>   | <i>bls.</i> |
|---|-------------|
| Ávarp borgarstjóra                                    | 1           |
| Íslenska ljósmyndasýningin                            | 2           |
| Staða ljósmyndarinnar í samtímalistum                 | 5           |
| Á landamærum ljósmyndunar og svartlistar-Polaroid     | 13          |
| Sr. Örn Friðriksson á Skútustöðum                     | 15          |
| Úr safni sr. Arnar Friðriksson                        | 17          |
| Ljósmyndarar  | 21          |
| Myndir á sýningu                                      | 30          |
| Verðlaunamyndir og dómnefnd                           | 35          |
| Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar og sýningardeild þess | 37          |
| Um sýninguna  | 48          |
| Efnisyfirlit  | 48          |




**P**ESSI LEICA M6 HEFUR KOMIÐ TIL KÓPASKERS, SAN FRANCISCO, PRAG, FENEYJA, ÍSAFJARÐAR, MADRID, LISSABON, HRÚTAFJARÐAR, LONDON, PARÍS, NEW YORK, HELLU, HRAFNTINNSKERS, BERLÍNAR, SOLMS, IBIZA, KEFLAVÍKUR, RÓMABORGAR, SANDGERÐIS, BOSTON, BOLUNGARVÍKUR, BLÖNDUÓSS, LENINGRAD. AÐ LJÓTAPOLLI. LEST TIL LILLEHAMMER. BÍLVELTU Í ÓDÁÐAHRAUNI. AÐ ELDGOSI VIÐ HEKLU Í -15° FROSTI. FUNHITA Í FLÓRÍÐA. ROKI Í REYKJAVÍK. RIGNINGU Á RAUFARHÖFN. SKÍÐI Í ÖLPUNUM... SVONA VÆRI HÆGT AÐ HALDA LENGI ÁFRAM AÐ TELJA UPP VINNUFERÐIRNAR SEM ÞESSI LEICA M6 HEFUR FARIÐ Í MEÐ PÁLI STEFÁNSSYNI LJÓSMYNDARA ICELAND REVIEW OG ALLTAF SKILAR HÚN VERKI SÍNU FULLKOMLEGA. EIGNASTU GÓÐAN FERÐAFÉLAGA Á KYNNINGARVERÐI, VEL ÆTTAÐAN, SEM RÍFST ALDREI OG ER ALLTAF SAMMÁLA. HRINGDU STRAX Í LAUFHEYJU HJÁ DAVID PITT & CO. HF., S. 621333 OG LÁTTU HANA KOMA ÞÉR Á ÖVART. LEICA M6 OG LEICA R6 MYNDAVÉLAR. ÞÆR BESTU.

*Leica*

M Y N D A V É L A R

# VELJUM UMHVERFISVERND

## VELJUM **Kodak**



**Að baki KODAK RA** framköllunarefnum er áralöng þróun með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

**KODAK EXPRESS** framköllunarstaðir hafa notað þau um árabil – og nú er komið að atvinnuljósmyndurum.

**KODAK PRO SYSTEM RA** fyrir atvinnuljósmyndara.



# HANS PETERSEN HF